



MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR  
KYNNIR SÖNGLEIKINN

---

# KABARETT

eftir JOE MASTEROFF

Frumskýning  
26. október 2018



Upprunalega framleitt og leikstýrt í New York af  
Harold Prince.

Flutt með leyfi Nordiska Aps – Kaupmannahöfn.

## Kæri leikhúsgestur

Við ráðumst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og frumsýnum hinn þekhta söngleik Kabarett hér í Samkomuhúsinu, einu elsta leikhúsi landsins og heimili Leikfélags Akureyrar í 100 ár. Kabarett er stærsta sýning leikfélagsins á þessu leikári og er samstarfsverkefni allra sviða Menningarfélags Akureyrar. Þetta verkefni sýnir slagkraft þessara þriggja stofnana og er upphaf að enn frekari samvinnu og stórhug. Kabarett er um margt óvenjulegur söngleikur og hefur að geyma beitta og áhrifaríka sögu, margbrotnar persónur, pólitískt mikilvægi og skemmtilega tónlist sem fyrir löngu er orðin klassísk. Kabarett segir mikilvæga sögu horfins tíma sem setti mark sitt á alla síðustu öld, þegar illskan tók völdin og lagði Evrópu nær í rúst á meðan heimurinn sat svo lengi þögull hjá. Þessi tími er vissulega liðinn en manneskjan breytist seint og með tímanum vill hún gleyma og fjarlægja sig fortíðinni. Kabarett er þörf áminning fyrir okkar tíma þegar stormar geisa í stjórnmálum og blikur eru á lofti um að illskunni vaxi ásmegin þegar hinir góðu aðhafast ekkert.

---

**Marta Nordal**

Leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar



**MC | Hákon Jóhannesson**

Hákon Jóhannesson útskrifaðist af leikarabrot Listaháskóla Íslands vorið 2018. Leiklistaráhugi Hákonar kviknaði í Menntaskólanum við Hamrahlíð og síðan þá hefur hann leikið í kvikmyndum og ýmsum verkefnum hjá sjálfstæðum leikhópum.

Þetta er fyrsta atvinnuleiksýning Hákonar eftir útskrift og mun hann einnig leika í Jónsmessunæturdraumi í Þjóðleikhúsinu í vor.

**Sally Bowles | Ólöf Jara Skagfjörð**

Ólöf Jara Skagfjörð Guðrúnardóttir útskrifaðist frá söngleikjadeild Circle in the Square Theatre School í New York árið 2012 og hefur verið búsett þar síðan. Meðal nýlegra verkefna eru söngleikirnir Wizard of Oz, All Shook Up, Heathers: The Musical

og Carrie: The Musical. Af verkefnum hérlandis má nefna Grease í Loftkastalanum, Buddy Holly Show í Austurbæ og þáttaseríuna Ávaxtakörfuna þar sem hún fer með hlutverk Mæju jarðarbers. Auk þess starfar hún sem söngkona og hefur sungið inn á ýmsar plötur og tekið þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Jöru er það mikill heiður að fá að leika í Samkomuhúsinu og hlakkar hún til að koma aftur!

**Cliff Bradshaw | Hjalti Rúnar Jónsson**

Hjalti Rúnar byrjaði ungur að árum að leika, fyrst í Loftkastalanum í Buggy Malone og síðan í Pétri Pan hjá Borgarleikhúsinu. Stuttu seinna hóf hann störf hjá Leikfélagi Akureyrar og lék þar í Óvitum, Lilju og Rocky Horror. Einnig lék hann í verkunum Date

og Ræflavik sem Norðurbandalagið setti upp. Hjalti útskrifaðist með BA-gráðu frá leikarabrot Listaháskóla Íslands haustið 2016. Eftir það hefur hann tekið þátt í fjölda sjálfstæðra sýninga. Hann tók þátt í að skrifa og setja upp einleikinn „Þingeyingur!“. Einnig hefur Hjalti leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþáttaraða en



hann hlaut tilnefningu til Eddunnar fyrir leik sinn í kvikmyndinni lkingut. Þá hefur hann starfað fyrir Útvarpsleikhúsið og sinnt talsetningu til margra ára.

### **Fräulein Schneider | Andrea Gylfadóttir**

Andrea Gylfadóttir hefur um árabíl verið ein frambærilegasta sönkona landsins. Hún hefur starfað með hljómsveitum á borð við Grafík, Blúsmönnum Andreu, Vínudóra, Borgardætrum, Todmobile, Tweety og ýmsum jazzsveitum.



Andrea hefur einnig leikið í söng- og leikuppfærslum og lék t.a.m. Evítu í samnefndum söngleik og var tónlistarstjóri og lék hlutverk Columbiu í uppfærslu L.A. á Rocky Horror, hlaut Grímuverðlaun fyrir Plöntuna í litlu Hryllingsbúðinni í uppfærslu L.A.

### **Herr Shultz | Karl Ágúst Úlfsson**

Karl Ágúst Úlfsson hefur starfað sem leikari, leikstjóri, leikskáld og handritshöfundur bæði austan hafs og vestan. Hann útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1981 og lauk meistaranámi í leikritun við Ohio University 1994. Karl Ágúst hefur leikið mikinn fjölda hlutverka á sviði í Þjóðleikhúsinu, hjá Leikfélagi Reykjavíkur og Borgarleikhúsinu, en einnig með sjálfstæðum leikhópum. Einnig hefur hann leikið í nokkur hundruð sjónvarpsþáttum og sjónvarps- og bíómyndum. Sem þýðandi hefur Karl sent frá sér tæplega eitthundrað verk, þar á meðal nokkrar skáldsögur, ljóð, kennslubækur og fjölda barna- og unglingabóka. Fyrir íslensk leikhús hefur hann meðal annars þýtt Leitt hún skyldi vera skækja, Pétur Gaut og söngleikina Marabóndansinn, Saga úr vesturbænum, Galdrakarlinn í Oz, Með fullri reisu, Rent, Syngjandi í rigningunni, Jesus Christ Superstar og Billy Elliot. Karl Ágúst leikur nú í fyrsta sinn hjá Leikfélagi Akureyrar, en áður hefur hann þýtt fyrir félagið verkin Farsæll farsí og Lísu og Lísu. Auk þess setti L.A. upp söngleik hans Gulleyjuna árið 2012.



**Ernst Ludwig | Jóhann Axel Ingólfsson**

Jóhann Axel Ingólfsson útskrifaðist sem leikari frá Stella Adler Studio of Acting í New York vorið 2016. Haustið 2016 lék hann í *Elska – ástarsögur Norðlendinga* sem leikhópurinn Artic setti upp og sýnt var í Hofi. Fyrr á þessu ári lék hann í gamanleiknum *Sjeikspír* eins og hann leggur sig og *Krumma í Krunk Krunk* og *Dirrendi* hjá Leikfélagi Akureyrar. Eftir áramót leikur Jóhann í *Gallsteinar afa Gissa*, *Skjaldmeyjar Hafsins* og *Djárninn á Myrká*–sagan sem aldrei var sögð, sem öll verða sýnd hjá Leikfélagi Akureyrar.

**Fräulein Kost | Birna Pétursdóttir**

Birna Pétursdóttir lauk BA-námi í leiklist frá Rose Bruford College í London 2012. Hún er ein af stofnendum leikhópsins *Umskiptinga*, en hópurinn var tilnefndur til *Grimunnar* 2017, í kjölfar uppsetningar á frumsamda verkinu *Framhjá rauða húsinu* og niður stigann. Birna hefur undanfarin ár unnið mikið í dagskrárgerð fyrir sjónvarp, framleiðslu og blaðamennsku, samhliða leiklistarkennslu og leikritun.











### **Leikstjórn | Marta Nordal**

Marta tók við sem leikhússtjóri LA í vor. Marta hefur starfað sem leikkona hjá Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu en undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að leikstjórn. Hún stofnaði leikhópinn Aldrei óstelandi árið 2010, ásamt Eddu Björgu Eyjólfsdóttur. Hópurinn hefur framleitt sýningar á borð við Fjalla-Eyvind, Lúkas, Ofsa og Natan. Auk þess hefur Marta leikstýrt fjölda verka fyrir útvarp. Hún leikstýrði söngleiknum Rocky Horror sem sýndur er í Borgarleikhúsinu.

Marta er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA-gráðu í leiklist frá The Bristol Old Vic Theatre School. Hún hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa innan sviðslista, en hún sat meðal annars um langt skeið í stjórn Leikfélags Reykjavíkur og í stjórn Íslenska dansflokksins, auk þess sem hún var forseti Sviðslistasambands Íslands 2013–2017.

### **Tónlistarstjórn | Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson**

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, hefur lengi fengist við útsetningar og tónlistarstjórn í leikhúsum og kvikmyndum sem og á hljómplötum. Hann er stofnandi og lagahöfundur hljómsveitarinnar Todmobile. Hann hefur samið tónlist fyrir söngleiki eins og Ávaxtakörfuna 1998, Benedikt búalf árið 2000, Hafíð bláa 2005, Gosa 2007 og Gulleyjuna 2011, auk þess að hafa stjórnað mörgum uppfærslum, þar á meðal Vesalingunum, Evitu, Rocky Horror, Hárinu og Spamalot. Hann hefur samið fjölda tónverka fyrir hljómsveitir og hljóðfærahópa eins og sífóníuna Kross 1989, Völuspá 2015 og Fanfare 2018. Hann hefur tvívegis hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir lagasmíðar og nokkrum sinnum verið tilnefndur til Grímuverðlauna. Hann var sæmdur silfurorðu FTT árið 2009.

## **Leikmynd og búningar | Auður Ösp Guðmundsdóttir**

Auður útskrifaðist úr vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2010. Frá útskrift hefur hún starfað sem vöru- og upplifunarhönnuður ásamt því að sjá um sýningarhönnun fyrir Spark hönnunargallerí og Hönnunarsafn Íslands. Auður hefur mikinn áhuga á mat sem hráefni til hönnunar og hlaut meðal annars Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir farandveitingastaðinn „Pantið áhrifin“. Hún er einn meðlima hinnar nýstofnuðu hönnunargrúppu Safarí. Árið 2015 hóf hún mastersnám í elsta sviðs- og búningahönnunarskóla heims, DAMU í Prag. Hún kom heim síðastliðið haust og er Kabarett hennar fyrsta stóra verk á Íslandi.

## **Danshöfundur | Lee Proud**

Lee Proud er margverðlaunaður danshöfundur. Hér á landi hefur hann samið dansa fyrir Mary Poppins, Billy Elliot, Rocky Horror og Mamma Mía. Hann hefur unnið að uppsetningum á Broadway, í Sydney, Tokyo, Melbourne, Los Angeles og Chicago og víðsvegar um Evrópu.

## **Ljósahönnun | Ólafur Ágúst Stefánsson**

Ólafur Ágúst Stefánsson er starfandi ljósahönnuður við Þjóðleikhúsið. Hann lærði ljósahönnun hjá Lárusi Björnssyni og hefur hannað lýsingu fyrir hátt í 50 leiksýningar, mest í Þjóðleikhúsinu en einnig fyrir sjálfstæða leikhópa og Leikfélag Akureyrar. Hann var tilnefndur til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna fyrir Fyrirheitna landið, Vesalingana, Hleyptu þeim rétta inn og Horft frá brúnni. Einnig var hann tilnefndur til menningarverðlauna DV fyrir Horft frá brúnni.

## Hljóðhönnun | Gunnar Sigurbjörnsson

Gunnar Sigurbjörnsson hljóðhönnuður hefur komið að fjölda sýninga Leikfélags Akureyrar allt frá 1986. Meðal þeirra eru Kabarett, Óvitar, Fló á skinni, Fúlar á móti, Litla hryllingsbúðin, Rocky Horror, 39 þrep, Gulleyjan, Öldin okkar og Kvenfólk í flutningi Hunds í óskilum. Sýningar sem Gunnar hefur unnið fyrir Leikfélag Reykjavíkur eru Mýs og menn, Bastarðar, Jeppi á fjalli, Billy Eliot, Mamma Mia og Rocky Horror.





# LISTRÆNIR STJÓRNENDUR OG TEYMIÐ

Höfundur	Joe Masteroff
Leikstjórn	Marta Nordal
Tónlistarstjórn	Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Leikmynd og búningar	Auður Ösp Guðmundsdóttir
Danshöfundur	Lee Proud
Ljósahönnun	Ólafur Ágúst Stefánsson
Hljóðmynd	Gunnar Sigurbjörnsson Árni F. Sigurðsson
Tónlist	John Kander
Textar	Fred Ebb
Þýðing	Karl Ágúst Úlfsson
Sýningarstjórn	Þórunn Geirsdóttir
Hárgreiðsla og gervi	Harpa Birgisdóttir Soffía Margrét Hafþórsdóttir
Aðstoð við leikstjórn og danshreyfingar	Katrín Mist Haraldsdóttir
Búningasaumur og önnur aðstoð	Nanna Guðmundsdóttir Kristín Þöll Þórsdóttir Björg Marta Gunnarsdóttir Arna Kristín Sigfúsdóttir Soffía Margrét Hafþórsdóttir
Ljósakeyrsla	Ólafur Göran Gros
Hljóðkeyrsla	Auðunn Orri Arnarsson
Yfirumsjón sviðsvinnu og leikmyndasmiði	Einar Rúnarsson
Húsumsjón og sviðsvinna	Bjarki Árnason
Sviðsvinna og ljósavinna	Lárus Heiðar Sveinsson
Leikmyndasmiði og ýmsar reddingar	Jóhann Jónsson
Hárgreiðsla	Heiðdís Austfjörð Arney Ágústsdóttir
Raddþjálfun	Þórhildur Örvarsdóttir
Aðstoð við leikmuni	Úlfhildur Örnólfsdóttir
Ljósmyndun	Auðunn Nielsson

# HLJÓMSVEIT

# DANSARAR OG AUKALEIKARAR

Górilla og söngur á upptökum

Fanný Lís Hevesi

Dansarar á Kit Kat klúbbnum

Lulu  
Texas  
Rosie

Fanný Lís Hevesi  
Bergþóra Huld Björgvinsdóttir  
Unnur Anna Árnadóttir

Landamæravörður  
strákur á Kit Kat klúbbnum o.fl.

Steinar Logi Stefánsson

Bobby á Kit Kat klúbbnum o.fl.

Örn Smári Jónsson

**Jaan Alavere**

Fíðla, harmónikka og undirleikur á æfingum

**Daniel Þorsteinsson**

Píanó og undirleikur á æfingum

**Kjartan Ólafsson**

Horn, wagner-túba og faggott

**Una Björg Hjartardóttir**

Flauta, saxófónn og klarinett

**Pálmi Gunnarsson**

Kontrabassi

**Einar Scheving**

Trommur og slagverk

**Michael Weaver**

Saxófónn, Klarinett og flauta

**Kristján Edelstein**

Gítar og banjó

**Vilhjálmur Sigurðarson**

Trompet

**Phillip J Doyle**

Saxófónn, klarinett og flauta

Sérstakar þakkir fá

Jaan Alavere og Daniel Þorsteinsson fyrir aðstoð við  
söngþjálfun og undirleik á æfingum











„Ég er myndavél með ljósopið upp á gátt, alveg aðgerðalaus, tek myndir, hugsa ekki.“ Með þessum orðum lýsir Christopher Isherwood hlutverki sínu sem listamaður í bókinni *Berlín kvödd*, eða *Goodbye to Berlin*. Árið er 1930 og Isherwood er kominn til Berlínar til að skrifa, en ekki síður í leit að frelsinu sem samkynhneigður ungur maður finnur ekki í heimalandinu Bretlandi. En þetta er Berlín og hér dansa allir saman. Og myndavélin Isherwood beinir linsu sinni í ýmsar áttir. Hann leigir lítið herbergi hjá miðaldra piparmey við Nollendorfplatz, hann kynnist eldfjörugu skemmtanalífi Berlínar og hann kynnist Sally Bowles, seinheppinni enskri söngkonu sem vinnur fyrir sér með heldur aumkunarverðum söng á illa þokkuðum næturklúbbi. En það getur heldur ekki farið framhá auga myndavélarinnar að undir skemmtanasjúku yfirborðinu er þung undiralda og í gegnum glasaglauminn má heyra taktfastan gæsagang sem nálgast óðum. Nokkrum mánuðum eftir kosningasigur nasista árið 1932 heldur Isherwood aftur heim til Bretlands. Veislan er búin.

Enska leikskáldið John van Druten heillast af sögum Isherwoods og byggir á þeim leikritið *Ég er myndavél*, *I Am a Camera*, 1951, að eigin sögn aðallega vegna þess að enginn trúði því að það væri hægt. Hann gerir Sally Bowles að aðalpersónu og í meðförum hans verða hún og sögumaðurinn Christopher elskendur, þó að Isherwood tæki það skýrt fram að þau hefðu aðeins verið vinir. Van Druten kynnir einnig til leiks stranga og síðavanda móður Sallyar. *Ég er myndavél* verður síðan vinsæl bresk bíómynd nokkrum árum síðar.

Það er leikstjórinn Harold Prince sem fær þá flugu í höfuðið að í þessu söguefni leynist visir að söngleik. Hann ræður leikskáldið Joe Masteroff til að skrifa handrit og fær tónskáldið John Kander og textaskáldið Fred Ebb til liðs við sig.

Kabarettssýningar voru gríðarvinsælar í Berlín á millistriðsárunum og Masteroff stingur uppá að úr því kabarettssöngkonan Sally fái áfram að vera aðalpersónan geti verið snjallt að gera einhvers konar kabarettklúbb að ramma utan um söguna. Í Berlín gat kabarettinn bæði verið rammpólítískur, ósvífinn, erótískur, listrænn og allt þar á milli. Kander og Ebb taka þessari hugmynd fagnandi og hefjast handa við að vinna lög og ljóð í anda kabarettssöngs þriðja áratugarins. Leikstjórinn Prince hefur séð kabarettssýningu í Stuttgart á unga aldri og man eftir dvergvöxnum og einstaklega kjaftforum skemmtanastjóra sem hélt öllum þráðum sýningarinnar í hendi sér. Hann biður um einn slíkan á sviðið, takk. Mamma Sallyar fær hins vegar ekki að vera með í söngleikum. Það eina sem eftir lifir af henni er söngurinn Ekki segja mömmu.

Kabarett er frumsýndur á Broadway 1966 og þykir miklum tíðindum sæta. Bandaríkjamenn finna sterka samsvörun með gyðingahatri þýskra þjóðernissinna og kynþáttafordómunum sem Bandaríkin engjast af á þessum tíma. Það hefur ekki gerst oft áður að söngleikur hafi jafn afdráttarlausu samfélagslega skírskotun.

Og í kvöld birtast okkur enn persónur og aðstæður sem ljósopið hans Christophers Isherwoods fangaði fyrir bráðum 90 árum. Og enn fer ekki hjá því að okkur finnist við þekkja fólk, viðhorf þess og örlög, og þyki andrúmsloftið kunnuglegt.

---

**Karl Ágúst Úlfsson**  
Þýðandi Kabarettis



# SAGAN VERÐUR TIL

## 29. júlí 1921

Adolf Hitler verður leiðtogi Nasistaflokksins.

## 1. apríl 1924

Hitler er dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir valdaránstílraun. Í fangelsinu skrifar hann Mein Kampf en í bókinni lýsir hann þýsku samfélagi sem byggt er á grundvelli kynþáttar.

## 20. desember 1924

Hitler er sleppt úr fangelsi eftir aðeins tíu mánuði.

## Haustið 1929

Kreppan mikla hefur áhrif á efnahags- og atvinnulíf í Þýskalandi.

## 1930

Nasistaflokkurinn verður næststærsti stjórnmálaflokkur Þýskalands. Ungmennadeildir, fyrir drengi og stúlkur, eru stofnaðar.

## Júlí 1932

Nasistaflokkurinn verður stærsti stjórnmálaflokkur Þýskalands.

## 30. janúar 1933

Hitler er skipaður kanslari Þýskalands af Hindenburg forseta.

## 27. febrúar 1933

Kveikt er í ríkisþinghúsinu í Berlín. Kommúnistaflokkurinn er sakaður um verknaðinn og er bannaður í kjölfarið.

## 23. mars 1933

Ný lög heimila ríkisstjórn Hitlers að setja lög án samþykkis þingsins í fjögur ár.

## 14. júlí 1933

Allir stjórnmálaflokkar, utan Nasistaflokksins, voru bannaðir.

## Október 1933

Þýskaland dregur sig úr Þjóðabandalaginu.

## September 1934

Í ræðu skilgreinir Hitler hlutverk kvenna og segir tilvist þeirra eiga að snúast um eiginmenn, börn og heimili.

## 15. september 1935

Sambönd milli gyðinga og aría eru bönnuð.



# GALLSTEINAR AFA GISSA

**Frumsjóning**  
**23. febrúar**  
**2019**

Höfundur Kristín Helga Gunnarsdóttir  
Tónlist Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson  
Söngtextar Karl Ágúst Úlfsson



Miðasala er opin alla virka daga kl. 12-18 í Hofi  
og allan sólarhringinn á [www.mak.is](http://www.mak.is)

**MAK**  
MENNINGARFÉLAG  
AKUREYRAR